

Mál nr. 128/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. apríl 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Tölvupóstur V dags. 20. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi sem verktakafyrirtæki tekið að sér vinnu við heimlagnir í veitukerfum á grundvelli útboðs X sem jafnframt er eigandi lagnanna. Um var að ræða endurnýjun á heitu vatni og rafstrengjum við hús A í Reykjavík. Við verkið var notuð skurðgrafa auk þess sem starfsmaður var staðsettur í skurðinum. Við eitt húsið fór grafan utan í óeinangrað stálror með þeim afleiðingum að rörið hrökk í sundur inni í húsinu og olli tjóni. Þegar tjónið varð hafði M í gildi ábyrgðartryggingu atvinnureksturs hjá V sem samþykkti bótaskyldu úr tryggingunni vegna tjónsins. M telur sig ekki bera ábyrgð á tjóninu, heldur telur M að X ábyrgð á því enda sá X um lagninu og frágang lagnanna á sínum tíma og að orsök tjónsins sé slæmur frágangur lagnarinnar. Fór M fram á það við V með bréfi dags. 19. janúar 2022 að afstaða félagsins yrði endurskoðuð. Með tölvupósti dags. 3. apríl 2022 upplýsti V að það teldi M bera ábyrgð á tjóninu en ekki X. V byggði afstöðu sína á því að M sem verktaki hafi einn borið ábyrgð á verkinu og í þeirri skyldu hafi falist að afla sér allra gagna til að vinna verkið. Hafi M verið kunnugt um að lagnir væru gamlar og ef það hefði talið misræmi í gögnum hafi M borið að fá skýringar á því. M hafi átt að sýna frekari varfærni og aðgæslu við framkvæmd verksins þegar það hóf gröft.

M telur sig ekki bera ábyrgð á tjóninu, heldur sé ábyrgðin hjá X sem lagði upprunalegu lagnirnar og er eigandi þeirra. Umrætt rör hafi verið óeinangrað og við tjónið hefði það ekki átt að hrökkva í sundur inni í húsinu en þar sem það hafi verið mikið ryðgað og kraninn á því mjög gamall var það eingöngu tímaspursmál hvenær það færi í sundur. Um hafi verið að ræða óhappatilvik sem hver sem er hefði getað lent í. Frágangur rörsins hafi verið slæmur og ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til frágangs við slík verk. Það hafi verið lagt óeinangrað í urð og grjót og á því beri X ábyrgð. Þessu til viðbótar hafi teikningar og upplýsingar um kortasjá ekki verið réttar. Telur M sig hafa sýnt mikla varfærni og aðgæslu við framkvæmd verksins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort tjón á lögn við hús A sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu X eða M en svo bótaskylda sé fyrir hendi þarf að mega rekja tjónið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu aðila sem þau bera ábyrgð á. V hefur samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu M vegna tjónsins en hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Ekki er ágreiningur um að það var starfsmaður M sem stýrði skurðgröfunni sem olli tjóni á lögninni. Gera verður ríkar kröfur til þeirra sem taka að sér sérhæfð verk, eins og þau sem starfsmönnum M var falið að vinna og þar af leiðandi verður að leggja til grundvallar strangt sakarmat þegar skilyrði skaðabótaábyrgðar eru metin. Verður af gögnum málsins ekki annað ráðið en að tjónið megi rekja til óaðgæslu starfsmanna M í umrætt sinn en þeim bar að sína fyllstu aðgæslu við gröft að lögnunum enda höfðu þeir vitneskju um að lagnirnar væru gamlar. Verður ekki talið að tjónið megi rekja til sakar starfsmanna X jafnvel þótt lögnin hafi ekki verið einangruð með sama hætti og aðrar lagnir í götunni né í samræmi við upplýsingar á kortavef X enda mátti X ekki búast við öðru en að M myndi sýna fyllstu aðgæslu við gröftinn.

Niðurstaða.

Tjónið er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu M hjá V

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir